

6. bekkur

Áherslur og námsmenning

SMT, Heilsueflandi skóli, teymiskennsla (samvinna), námsaðlögun, fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat, foreldrasamstarf



Læsi

Lestur og lesskilningur – Lögð er áhersla á að kenna nemendum að beita fjölbreyttum aðferðum til að skilja og vinna með krefjandi texta eins og fagtexta og bókmenntir. Lögð er áhersla á að styðja við nemendur í að nýta sér eigin reynslu til að rýna í textann.

Ritun – Lögð er áhersla á ritun fjölbreyttra textategunda s.s. fræðitexta, vefefnis, frásagna og fleira og að nemandi velji frásagnarstíl sem hæfir lesendum og markmiðum textans. Lögð er áhersla á að kenna nemendum rétta greinarmerkja- og stafsetningu.

Talað mál og hlustun - Lögð er áhersla á æfa nemendur í því að koma fram fyrir hóp, innan bekkjar sem utan. Nemendum er leiðbeint um tjáningu og stöðu líkamans. Nemendur lesa upphátt, með samlestri, leiklestri og æfast í að flytja ræður.

Samfélagfræði	Náttúrufræði	Enska	Íslenska	Stærðfræði
<p>Norðurlönd Upplýsingaleit og kortalestur, landfræðileg hugtök, landslag, gróður og veðurfar, einkenni landa, auðlindir, orka, atvinnuhættir, menning, stjórnarfar, samgöngur.</p> <p>Ísland á Goðaveldisöld Heimildavinna, mannlíf og menning, sagnaritun, valdaættir, einstaklingar sem settu mark á söguna.</p> <p>Trúarbragðafræði, helstu trúarbrögð, einkenni þeirra og áhrif á líf fólks -Islam -Hindú</p> <p>Mannréttindi og lýðræði Einkenni lýðræðislegra samfélagshátta, samhjálp og</p>	<p>Náttúran og umhverfi, skoða algengar plöntur og greina. Plöntuhlutur og hlutverk þeirra.</p> <p>Jörðin, tunglið, himingeimurinn, myndun Íslands, landmótun, hafið, lofthjúpur og veður, loftslag á Íslandi.</p> <p>Lykilorð, nemendur velja dýr og vinna verkefni út frá lykilorðum og skrifa síðan samfelldan texta eftir verkefninu.</p> <p>Heimildaritgerð (fiskar)</p>	<p>Lestur upphátt og í hljóði og lesskilningur, talað mál, framburður og ritun, málfræði, frásagnir, samræður, útskýringar og leiðbeiningar, að lýsa, útskýra, skilja og gefa leiðbeiningar.</p> <p>Orðaforði daglegs lífs. Lýsingar á stöðum, tjá upplifanir og hugsanir. Þjálfna hæfileikann til að segja frá og lýsa. Málfræði: fleirtala, þáttíð, greinir, lýsingarorð, sagnir reglulegar og óreglulegar.</p>	<p>Lestur og bókmenntir: Lestur fjölbreyttra texta, m.a. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum, bókmenntafræðileg hugtök, s.s. aðalpersónur, söguþráður, boðskapur, söguvið, sögutími. Ljóð og bragfræði, rím, stuðlar og höfuðstafir, persónugerving, líkingar.</p> <p>Talað mál, hlustun og áhorf: Hlusta á fjölbreytta texta, horfa á myndefni af ýmsu tagi, kynningar á viðfangsefnum, framsögn, samræður t.d. á bekkjarfundum og í tengslum við námsefni</p> <p>Ritun: Uppbygging texta, ritun í margvíslegum tilgangi, t.d. fræðitextar, sögugerð, frásagnir,</p>	<p>Tungumál og verkfæri: Tölur og reikningur Heilar tölur, tugabrot, almenn brot samnefnd og ósamnefnd</p> <p>Algebra: Finna óþekktu stærð í einföldum jöfnum. Setja upp jöfnu.</p> <p>Rúmfræði og mælingar Ummál og flatarmál rétthyrninga og þríhyrninga Rúmmál ferstrendinga Eiginleikar og einkenni tví- og þrívíðra forma Mælikvarðar á kortum, tími og tímaútreikningar</p> <p>Tölfræði og líkindi: Einfaldur líkindareikningur og súlurit</p>

<p>velferð, virðing í samskiptum og samvinnu.</p> <p>Sjálfmynd</p> <ul style="list-style-type: none"> - Áhrifaþættir á sjálfmynd - Styrkleikar og veikleikar - jákvæð lífsviðhorf og gildi 			<p>bókaskýrslur, fyrirlestrar, helstu reglur um stafsetningu og greinarmerki.</p> <p>Málfræði:</p> <p>Setningar, málsgreinar, efnisgreinar nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og einkenni þeirra. Skipting orðaforðans í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð.</p>	
Upplýsinga og tæknimennt	Skólaíþóttir og sund	Verkgreinar	Listgreinar	
<p>Fingrasetning</p> <p>Ritvinnsla</p> <p>Töflureiknir</p> <p>Publisher</p> <p>Glærुकyning</p> <p>Forvarnakynning/ rafrænt einelti</p> <p>Kahoot</p> <p>Google leitarverkefni</p> <p>mms.is</p> <p>leitir.is</p> <p>Útvarpsþáttagerð</p> <p>Sjónvarpsþáttagerð</p> <p>Quizlet</p> <p>Uppsetning ritgerða</p> <p>Forritun</p>	<p>Íþróttir:</p> <p>Stöðvaþjálfun</p> <p>Þol- og styrktarþjálfun</p> <p>Fjölbreyttar íþróttagreinar og leikir</p> <p>Tekur þátt í Grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum</p> <p>Sund:</p> <p>Björgun</p> <p>Bringusund</p> <p>Skriðsund</p> <p>Baksund</p> <p>Flot</p> <p>Köfun</p>	<p>Heimilisfræði:</p> <p>Bakstur, eldun einfaldrá rétta, áhersla lögð á næringargildi matvæla, orkuefni, vítamín og steinefni. Matarvenjur fyrri alda kynntar.</p> <p>Textilmennt: Unnið áfram með að þjálfna færni á saumavélina, saumað bútasumsveski og læra hugtök sem eru notuð í faginu. Góð umgengni og virðing fyrir vinnu sinni er þjálfuð. Eigin hugmyndir eru þróaðar og unnið eftir skriflegum leiðbeiningum. Húfa, vettlingar eða sokkar þrjónaðir.</p> <p>Hönnun og smíði:</p> <p>Notkun á ýmsum litum s.s.málningu, bæsi, lökkum. Notkun á hefilbekk og hvernig má nota hann sem vinnuborð. Teikna hugmyndir af smíðahlut í tvívídd. Nota fagbækur, teikningar og skissur.</p>	<p>Myndmennt:</p> <p>Litafræði, 12 lita hringur.</p> <p>Hringform og stafir, nafnskjöldur. Hlutföll í andliti, teiknað og skyggt/litað.</p> <p>Leirmótun, handmótun, íslenskir fuglar. Uppstilling, teiknuð í þrívídd og máluð.</p> <p>Einföld fjarvídd með einum punkti, landslag og hús.</p> <p>Kynningar á listamönnum og stefnum, Ásgrími Jónssyni (rómantík) og Vincent Van Gogh (impressionismi) og unnið með málun.</p>	